

Nd. **928. Frumvarp til laga** [255. mál]
um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. maí.)

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti sex menn, þar af fimm kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands.

2. gr.

Við 6. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó aldrei vera hærri en 7½%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir, samkvæmt þessari málsgrein, telst vextir.

3. gr.

Í stað orðanna „50 milljónum króna“ í upphafi 4. mgr. A-liðs 8. gr. laganna komi: 70 milljónum króna.

4. gr.

Við C-lið 8. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¾%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir.

5. gr.

Á eftir 1. ml. 2. mgr. 20. gr. laganna komi nýr ml., svo hljóðandi:

Ráðherra getur þó ákveðið herra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá greiðsluskylda hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 1. mgr., þar til samanlögð framlög þess eru orðin jafnhá samanlögðu framlagi ríkissjóðs vegna sveitarfélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi kýs húsnæðismálastjórn þegar eftir gildistöku laganna, sbr. 1. gr., og fellur þá niður umboð núverandi húsnæðismálastjórnar.